



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar**

**á**

**General Assembly of the European Olympic Committies  
Reykjavík  
6. desember 2002**

Forseti evrópsku Ólympíunefndarinnar  
Virðulegu forystumenn íþrótta í einstökum löndum  
Góðir gestir

Íþróttir hafa um aldur verið samgrónar þjóðarvitund okkar Íslendinga. Í fornum sögum sem skráðar voru á kálfskinn í íslenskum sveitum fyrir röskum sjö hundruð árum eru orðhagar lýsingar á íþróttaafrekum hinna vösku kappanna sem hér námu land. Þeir stukku hæð sína í loft upp, hlupu hraðar en hestar, köstuðu steinum, glímdu og sýndu hæfni sína og leikni á marga vegu.

Afrekin urðu veganesti hveggar kynslóðar og fyrirmynd og í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á níttjándu og tuttugustu öld voru þessar frásagnir hvatning til að gera betur.

Þegar sveit íslenskra íþróttamanna gekk inn á Ólympíuleikvanginn Berlín árið 1936 sá þjóðin í fylkingu þeirra arftaka kappanna sem þúsund árum áður höfðu með verkum sínum varpað hetjuljóma á hina fornu gullöld Íslendinga. Hin alþjóðlega Ólympíuhreyfing veitti þannig Íslendingum fulla viðurkenningu átta árum áður en íslenska lýðveldið var formlega stofnað. Slíku vinarbragði gleymum við aldrei og það er í anda þeirrar gleði sem þá ríkti sem við fögnum hér í dag fyrsta fundi evrópsku Ólympíunefndarinnar á Íslandi, merkasta íþróttapingi sem hér hefur verið haldið.

Íþróttirnar eru þjóðum heims annað og meira en keppnin sjálf. Þær eru staðfesting á sjálfstæði þeirra og menningu, viðurkenning á fullveldi og gagnkvæmri virðingu. En þær eru líka staðfesting á náinni samvinnu, heitstrenging um að mannkyn geti í friði og sátt skilað góðu verki.

Hin alþjóðlega Ólympíuhreyfing er sönnun þess að þjóðir heims geta í senn keppt og unnið saman, að afrek eins þarf ekki að skapa óvild annars, að hvatning til sigurs þarf ekki að skyggja á gleði allra að loknum leikjum.

Í veröld sem æ meir ber svipmót hrópandi andstæðna þar sem reynt er að ala á ótta og hatri verður sífellt brýnna að styrkja þau bönd sem skapa úr þjóðum heims samfellda keðju.

Á áhrifaríkan hátt gera íþróttirnar veröldina að einni heild og fella múra sem aðrir reisa.

Við upphaf nýrrar aldar er hið alþjóðlega hlutverk íþróttanna mikilvægara en nokkru sinni og Ólympíuhreyfingin máttarstólpi hins siðaða samfélags sem við viljum varðveita um veröld alla.

Líkt og íslensk æska tók sér kappu úr fornum sögum til fyrirmyndar eru íþróttahetjur á okkar tíð það sem tengir hugi ungmenna um veröld víða. Í litlum skóla í vestfirsku sjávarþorpi er Manchester United eftirlætisliðið og Michael Jordan aðalhetjan í norðlenskri sveit. Á sérhverjum Ólympíuleikum vekja einstök afrek aðdáun um allan heim og íþróttafólkið á sigurpalli eignast samastað í ungum sálum. Við munum öll slíkar sigurstundir, minningar frá æskuárum sem fyllt hefur okkur alla ævi.

Þegar freistingar mæta ungu fólki nánast við hvert fót mál eru íþróttirnar í senn skjól og bjargræði, grundvöllur lífsstíls sem stuðlar að heilbrigði og andlegri heilsu, öflugasta forvörn sem læknávisindin hafa ennþá fundið.

Í hinni sífelldu umræðu um þá miklu fjármuni sem varið er til íþróttar er hollt að muna hve mikið þær spara í heilbrigðismálum, hvernig þær draga úr þeim útgjöldum sem þyngst vega hjá flestum ríkjum.

Öflug íþróttaiðkun almennings er örugglega besta fjárlagaaðgerð í öllum löndum og því væri réttast að fjármálaráðherrann sæi einnig um íþróttamálin. Það er í rauninni bókhaldsvilla í ríkisreikningum að færa framlög til íþróttar sem útgjöld. Þau á frekar að bókfæra sem sparnað eða fjárfestingu. Vona ég að Evrópusambandið og Alþjóðabankinn beiti sér fyrir slíkri leiðréttingu á reikningsskilum aðildarríkja.

Það er áriðandi að íþróttirnar njóti þeirrar viðurkenningar sem þeim ber, að Ólympíuhreyfingin haldi áfram að eflast og leggja sitt af mörkum til að skapa betri heim, gera vonir okkar um sáttargjörð allra þjóða að veruleika.

Evrópa, álfan okkar, var um aldir vettvangur stríðs og ógnarstjórnar og án miskunnar var miljónum mannlífa fórnað. Nú horfum við hins vegar bjartsýn til nýrra tíma og treystum því að lýðræði, friður og virðing fyrir helgum rétti hvers og eins muni einkenna stjórnarfar og mannlíf allt.

Hin evrópska íþróttahreyfing á ríkan þátt í þessum jákvæðu þáttaskilum og það framlag getur einnig orðið veganesti í íþróttastarfi í öðrum álfum.

Við Íslendingar metum mikils að hafa fengið að vera þátttakendur í þessari för og fögnum sérstaklega þingi ykkar hér í dag.

Ég óska evrópsku Ólympíuhreyfingunni allra heilla og vona að sá andi sem Ísland skapar muni leiða til árangurs í störfum þingsins.